



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Var morðinginn kominn í leitirnar?

Áhrif fjölmiðlaumfjöllunar á þróun sakamála

Hákon Svavarsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2021

Var morðinginn kominn í leitirnar?

Áhrif fjölmiðlaumfjöllunar á þróun sakamála

Hákon Svavarsson

6 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í fjölmiðlafræði

Leiðsögukennari/-ar/ráðunautur
Sigurður Kristinsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, September 2021

Titill: Var morðinginn kominn í leitirnar?
Stuttur titill: Áhrif fjölmiðlunarumfjöllunar á þróun sakamála
6 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi
í fjölmiðlafræði.

Höfundarréttur © 2021 Hákon Svavarsson
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurlóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Hákon Svavarsson, 2021, bakkalárprófsverkefni, Félagsvísindadeild, hug-
og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 23 bls.

Prentun: XX

Akureyri, September, 2021

Ágrip

Ritgerð þessi er lögð fram til BA-prófs í fjölmiðlafræði á Hug- og félagsvísindasviði við Háskólann á Akureyri. Viðfangsefni ritgerðarinnar er að varpa ljósi á hvaða áhrif fjölmiðlar geta haft á rannsókn og meðferð sakamála. Hvort ólík nálgun fjölmiðla geti haft ólík áhrif á framgang þeirra. Í forgrunni rannsóknarinnar er mál Gunnars Tryggvasonar sem myrtur var í leigubifreið sinni árið 1968. Ný vísbending sem kom fram í fjölmiðlum er höfð til hliðsjónar. Það er gert til að kanna hvernig fjallað var um vísbendinguna í ólíkum miðlum.

Tilviksrannsókn var notuð og aðal áherslan lögð á upprifjun málsins og þá nýju vísbendingu sem kom fram í fréttaskýringarþættinum Fréttaukinn á Ríkisútvarpinu (RÚV) og hlaðvarpþættinum Sönn íslensk sakamál í umsjón Sigursteins Mássonar. Skoðað var efni úr þessum tilteknu þáttum, ásamt dagblaðsgreinum um sakamálið til að draga upp stutta samantekt. Tilgangurinn með því var að kanna þá þætti sem lagðir voru til grundvallar málinu; fréttamat, vinnulag og hlutverk blaðamanna, nöfn og myndbirtingar og lýsingar á verknaðinum. Byggt var á þessum niðurstöðum og hvernig miðlar nálguðust málin með ólíkum hætti. Þetta er gert til að skýra hvernig reglur þeir setja sér og hvernig eðli miðlanna er. Hvort um sé að ræða RÚV, einkamiðla eða sjálfstæða blaðamenn. Mikilvægt að hafa það hugfast að þegar fjallað er um sakamál þarf að vanda til verka svo vinnan skili árangri og þeir sem tengjast málinu verði ekki fyrir skaða vegna umfjöllunarinnar. Ef vel er á málum haldið getur vönduð umfjöllun átt sinn þátt í því að hreyfing komist á málið og hjálpað til við mögulega lausn þess.

Abstract

This thesis is submitted as part of Baccalaureate Aritum-degree in Media Studies at University of Akureyri. The study aims to explore how the media can influence research and handling of criminal cases and whether different approaches of the media can have different effects on their progress. The main objective of the thesis is an Icelandic murder case from 1968, when a taxi driver, Gunnar Tryggvason was murdered in his car. A new clue that appeared in the media has been used in the consideration. This is to examine how the clue was discussed in different media.

A case study was used, and the emphasis is on reviewing the case, and the new evidence that appears in both news commentary shows by RÚV, named Fréttaukinn and the podcast show by Sigursteinn Másson, named Sönn íslensk sakamál. Content from these specific episodes was reviewed along with newspaper articles on the criminal cases for summary. The purpose of this was to examine the factors that formed that basis of the case; news evolution, working methods and role of journalists, names and images as well as descriptions of the actual murder scene.

The result is based and developed from the results of the study and how the media approached the issues in different ways. This is to understand the ground rules established internally and how each media works, whether it is the government owned RÚV, private media or independent journalists. It is important to keep in mind that when the media handles criminal cases, they must make sure that the approach is proper and the result good, making sure to avoid inflicting harm on the people that are involved in the cases. If the approach is professional and well considered, good coverage can play a part in getting the case moving and bringing it to resolution.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	III
2	BAKGRUNNUR RANNSÓKNAR	1
2.1	BLAÐAMENNSKA	3
2.2	HLUTVERK OG REGLUR FJÖLMÍÐLA.....	3
2.3	HLAÐVARP	6
3	AÐFERÐARFRÆÐI	8
4	NIÐURSTÖÐUR	11
4.1	LAUGARLÆKJARMORÐIÐ.....	11
4.2	NÝJAR VÍSBENDINGAR Í FJÖLMÍÐLUM.....	13
4.2.1	<i>UMFJÖLLUN RÍKISÚTVARPSINS 2009</i>	13
4.2.2	<i>UMFJÖLLUN Í SÖNNUM ÍSLENSKUM SAKAMÁLUM 2020</i>	14
4.3	NÁNARI EFTIRFYLGNI – SAKBENDING!	14
5	UMRÆÐA OG LOKAORÐ	17
	HEIMILDIR	22

1 Inngangur

Fjölmiðlar hafa verið kallaðir fjórða valdið, á eftir löggjafarvaldinu, framkvæmdavaldinu og dómsvaldinu. Þeir eiga sér ýmis hlutverk í lýðræðissamfélögum en þeirra helsti tilgangur er að upplýsa almenning í landinu.

Fjölmiðlar hafa þróast áratugum saman, eru með mismunandi tilgang og fréttamat og í ótal formum. Þeir fjalla um mál á ýmsa vegu. Með tilkomu nýrra forma fjölmiðlunar gefst fólki sem á þeim starfar kostur á því að fjalla um mál með fjölbreyttari hætti. Fjölmiðlamenn eiga þar möguleika á því að nota tæki eins og hlaðvarp til að fjalla um menn og málefni. Þrátt fyrir að upprifjun á sakamálum sé talin sem afþreyingarefni getur hún haft áhrif á þróun mála. En hvernig? Fjölmiðlar gefa einhverju sýnileika og ná til fólks, því er umfjöllun mikilvæg. Það er einnig mikilvægt hvernig fjölmiðlarnir taka á málunum, svo umfjöllun skili þessum árangri. Gagnsemin af þessu felst í því að kanna þætti sem gera það að verkum að umfjöllun leiði af sér góðan árangur fyrir þróun mála en að sama skapi skaða þau ekki.

Fjölmiðlaefni um sönn sakamál fær mikla athygli, hvort sem það eru mál sem skekja þjóðina eða gömul mál sem rifjuð eru upp. En er einhver tilgangur með þeirri upprifjun? Fjölmiðlar fjalla almennt séð um sakamál á tveimur tímamótum, þegar válegur atburður hefur átt sér stað og svo þegar málinu lýkur með dómi. Markmið þessarar ritgerðar er að sýna fram á hvernig umfjöllun fjölmiðla þróast samhliða því sem sakamálinu vindur fram með ákveðna þætti í huga, svo sem fréttamat, hlutverk og reglur fjölmiðla og fjölmiðlamanna, nafn-og myndbirtingar, lýsingar á verknaði og atriði sem gætu haft annað hvort jákvæð eða neikvæð áhrif við umfjöllunina. Tekið verður fyrir gamalt sakamál sem fjallað var um í mismunandi gerðum fjölmiðla, þar sem fréttamat var með ólíkum hætti. Sagt er frá því hvernig umfjöllun um óupplýst sakamál varð til þess að ný vísbending kom fram á sjónarsviðið og hvernig hún var meðhöndluð. Fjallað verður bæði um umfjöllun RÚV og hvernig umfjöllunin var í tilfelli sjálfstæðs fjölmiðlamanns með áhuga á efninu og notar til þess nýlegt form fjölmiðlunar. Gunnar Tryggvason, leigubílstjóri var skotinn í höfuðið í bíl sínum á horni Laugalækjar og Bugðulækjar í Reykjavík í ársbyrjun 1968. Mál þetta komst í fréttirnar árið 2009 og aftur 2020, í fyrria skiptið hjá RÚV og síðan frá sjálfstæðum

fjölmiðlamanni. Um sömu vísbendingu var að ræða en hún var meðhöndluð með allt öðrum hætti í seinna skiptið.

Stóra spurningin er sú, hvernig fjölmiðlar geti haft áhrif á rannsókn og meðferð sakamála. Til að þrengja rammann setti ég fram rannsóknarspurningu: Hvernig hafði umfjöllun fjölmiðla áhrif á þróun eins dularfyllsta morðmáls Íslandssögunnar, morðinu á Laugalæk? Getur ólík umfjöllun skaðað málin fremur en að hjálpa þeim?

Í þessari ritgerð ætla ég að leiða saman lagaleg, siðferðileg og fagleg rök í frétttaflutningi og fjölmiðlun til að varpa ljósi á hvaða þætti þarf að hafa hugfasta við umfjöllun og mat á fréttamálum sem tengjast dekkstu hliðum mannglegrar tilveru.

Fjölmiðlamaðurinn þarf að hafa ýmsa þætti í huga við vinnu sína. Þá er meðal annars að finna í siðareglum blaðamanna, vinnureglum fjölmiðla og í samhengi við vinnulag fjölmiðlamannanna sjálfra. Fréttamat ólíkra miðla og ólík vinnubrögð spilar þar stóran þátt, en af hverju? Þegar talað er um sakamálaumfjöllun eru helst þrír þættir sem virðast vera áberandi. Þeir eru: Nafnbirtingar, myndbirtingar og lýsingar á verknaðinum. Málið sem greint er sérstaklega, morðið á Gunnari Tryggvasyni er tekið fyrir og málið sem það er borið saman við í lokin er skoðað með það í huga að leitast eftir því að sýna fram á hvernig þessi atriði geta birst í raunveruleikanum.

Ritgerðin skiptist í tvo hluta, fyrri og seinni hluta. Í fyrri hluta ritgerðarinnar verður farið í umfjöllun og skilgreiningar á þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar til að svara þeim spurningum sem hér er ætlað að kanna, auk þess að segja frá því sem talið er mikilvægt fyrir áframhaldandi greiningu á viðfangsefninu. Í síðari hluta, horfum við til málsins sem tekið var fyrir sérstaklega til að varpa ljósi á þessa þætti. Málið sjálft er tekið fyrst, hvernig rannsókn var háttáð fyrstu árin, síðan er það leitt til skoðunar fjölmiðla á þeirri vísbendingu sem sú umfjöllun leiddi af sér. Farið verður í saumana á hvernig sú vísbending var meðhöndluð og umræður teknar í lokin með þeim vangaveltum sem útskýrðar voru hér að ofan, með annað mál til samanburðar. Þó svo að skoðun á morðinu á Gunnari sé hér meginatriðið er þó gott að leggja það saman við eitthvað til að sjá hvort munur sé á.

2 Bakgrunnur rannsóknar

2.1 Blaðamennska

Fréttamat er fyrst og fremst val eða höfnun. Hvað á að birta og hvað ekki? Sýnt hefur verið fram á að það stjórnist af reglum, forsendum, venjum á ritstjórnnum/fréttastofum sem og fjölmiðlamanninum sjálfum. Því sem er valið er hleypt í gegn og veltur á mikilvægi þess (Þorbjörn Broddason, 2009). Fjölmiðlamaðurinn byrjar með því hugarfari þegar skrifa á frétt að velta fyrir sér hvað hann eigi að gera; að hlusta, að spyrja áleitinna spurninga, gagnrýnna spurninga. Fjölmiðlamaðurinn þarf því einnig að vera gagnrýninn á sjálfan sig meðan hann sinnir sinni vinnu, um leið og hann er að veita og meta hvað hann ætlar að gera við upplýsingarnar (Murrey Marder, 2000).

Þetta er með þeim erfiðu hlutverkum sem fjölmiðlamaðurinn sinnir. Mál hafa alltaf a.m.k. tvær hliðar. Fjölmiðlamaðurinn fjallar oft um mál þegar tveir deila, þó það sé ekki algilt. Hann verður í leiðinni að hugsa um hlutleysi sitt og tilgang, hverju eigi að segja frá og hverju ekki. Einstaklingarnir sem deila hafa sitthvora söguna að segja eða skoðunina á málunum. Fjölmiðlamaðurinn á að þjóna almenningi, vera áreiðanlegur upplýsingagjafi eða „varðhundur“. Til að uppræta t.d. misbeitingu valds, verður hann að rækta þá eiginleika sem fylgir hans hlutverki sem verkfæri lýðræðisins. Ef fjölmiðlamaðurinn hefur þessa þætti hugfasta á meðan hann vinnur sína vinnu er hann í góðri aðstöðu til að sinna því sem kallað er blaðamennska (Murrey Marder, 2000).

2.2 Hlutverk og reglur fjölmiðla

Hlutverk fjölmiðla lýtur meðal annars að því að opinber málsmeðferð sakamála sé tryggð. Þróun sakamála getur falist í umfjöllun í fjölmiðlum með vinnu þeirra sem þar starfa

(Blaðamaðurinn, 2005). Til að átta sig betur á hvernig sú vinna birtist verður í framhaldinu fjallað um mál til nánari útskýringa. Í því máli sem og öðrum sem koma fram nú til dags fylgja fjölmiðlar ákveðnum forsendum. Hvað getur hjálpað til við lausn sakamála og er eitthvað sem fjölmiðlar geta gert sem hefur þveröfug áhrif? Fréttamat ólíkra miðla er misjafnt, þó að fjallað sé um sama málið. Umfjöllunin getur spillt fyrir þó hún geti einnig hjálpað til. Tilgangur laga um meðferð sakamála er að tryggja réttarstöðu þeirra einstaklinga sem hafa verið sakaðir um brot. Fjölmiðlar geta komið að málunum með því að aðstoða lögreglu við lausn mála, með því t.d. að birta mynd. Þeir eru þar með milliliður lögreglu og dómstóla við almenning. Rökin fyrir birtingu þessara upplýsinga er að almenningur eigi rétt á þeim upplýsingum með umfjöllun. Auk þess er fræðsla um réttarkerfið, lög og birtingar dóma forsenda fyrir því að einstaklingarnir viti hvaða viðurlög eru fyrir brotin og þannig eru borgararnir verndaðir í leiðinni. Hins vegar geta mistök við birtingu upplýsinga, t.d. röng mynd valdið meiri skaða en ella og umfjöllun tekið svo á sakborning að eins og um viðbótarrefsingu væri um að ræða. Sum umræða fjölmiðla getur svo á hinn bóginn fælt fólk frá því t.d. að kæra og kastað rýrð á réttarkerfið. Traust fer minnkandi og villandi umræða getur skaðað (Blaðamaðurinn, 2005). Fréttastofa Ríkisútvarpsins á sér vinnureglur sem lúta að dóms-og lögreglumálum. Fréttastjóri eða staðgengill hans metur með blaðamanni hvað sé birt t.d. í tilfelli nafn-og myndbirtinga. Fréttastofan skal segja frá lyktum þeirra mála sem hún hefur fjallað um. Hún þarf að gefa ástæðu fyrir því ef talað er við hinn dæmda eða hina dæmdu, t.d. er það hægt ef málin eru fordæmisgefandi. Ef lögmaður er tekinn í viðtal þarf hlutleysiskrafan að virka í báðar áttir, þ.e.a.s. mál hins aðilans þarf einnig að koma fram (Vinnureglur RÚV, 2016). Sumar reglur eiga við um alla, þótt sumir fjölmiðlar eigi sér reglur. Blaðamannafélag Íslands er með siðareglur sem allir þurfa að fylgja. Tvær greinar siðareglanna snúa beint að því sem fjallað er um hér og þeim þáttum sem teknir eru fyrir í blaðamennsku svo umfjölun um ákveðin mál séu fullnægjandi og/eða hafi jákvæð áhrif á þau. Þær eiga ekki eingöngu við um sakamálaumfjöllun heldur alla umfjöllun. Þó bera þau skýr merki þess að eiga við þá tilteknu umfjöllun sem hægt er að skoða í samhengi við þau mál sem tekið er fyrir hér (BÍ, e.d.).

Í þriðju grein Siðareglna Blaðamannafélags Íslands segir;

“Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vafasömum málum. Hann forðast allt sem valdið getur saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda óþarfa sársauka eða vanvirðu” (BÍ, e.d.).

Í fjórðu grein segir;

“Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtinar. Í frásögum af dóms og refsimálum, skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð” (BÍ, e.d.).

Eins og sjá má eru atriði í þessum greinum sem geta haft annaðhvort jákvæð eða neikvæð áhrif á umfjöllun fjölmiðla þó nokkur. Fréttamat og ýmsar reglur ásamt því getur átt stóran þátt í því hvernig umfjöllunin getur þróast. Til nánari útskýringar verður í framhaldinu fjallað um mál þar sem hægt er að sjá hvernig þessir þættir koma fram. Auk þess verður annað mál rætt stuttlega en markmið þess er að bera saman þessi mál til að kanna hvort þessir þættir eigi við rök að styðjast. Skiptir máli hvernig fjallað er um mál? Skiptir máli hvaða fjölmiðli blaðamaður tilheyrir? Hvað um jákvæð og neikvæð áhrif? Það mál sem tekið er sérstaklega fyrir kemur inn á lagaleg atriði sem skipta máli til að sjá hvernig vinna blaðamannsins getur haft annað hvort þessi jákvæðu og neikvæðu áhrif, en ekki síst hvað hann má ganga langt og hvaða þáttum hann þarf að fylgja. Með því er betur varpað ljósi á hvernig mál þróast við umfjöllun. Til að þetta allt komi betur fram og til útskýringar á því hvernig blaðamaðurinn vann, þarf að útskýra ákveðin atriði sem hægt er að líta til þegar umfjöllun um mál tekur ákveðna stefnu. Það sem hér er talað um á beint við um það sem viðkemur því máli sem hér verður greint. Þegar talað er um hugtakið sök í lögfræði er átt við þau lög og þær mannréttindareglur sem eru í gildi. Þá er vísað til athafna manna sem framdar eru með ásetningi eða af gáleysi og ganga gegn lögum. Ekki er hægt að refsa fyrir það sem telst ekki hafa verið unnið af þessu tvennu (Arndís Anna K. Gunnarsdóttir, 2006).

Mál eru endurupptekin með fyrirfram ákveðnum skilyrðum. Þau eru meðal annars þegar koma fram ný gögn eða nýjar upplýsingar sem eiga að skipta máli við niðurstöðu málsins, ef þau höfðu komið upp áður en dómur í málinu var kveðinn upp. Einnig þegar líkur eru á því að sönnunargögn sem komu fram í málinu hafi verið rangt metin svo sú niðurstaða hafi haft áhrif á lyktir málsins. Að lokum skal sá hinn sami sem hefur við vinnu sína eða rannsókn á tilteknu máli og fengið vitneskju eða rökstuddan grun um ákveðin atriði segja þeim dómfellda það. Beiðni um endurupptöku mál skal vera ítarlega rökstudd með greinargerð þar sem er gerð grein fyrir því hvernig ofangreind atriði teljist fullnægjandi sem

og gögn málsins (lög um meðferð sakamála nr. 88/2008). Ástæða þess að hér er tekin fyrir umræða um endurupptöku er að fjölmiðlamaðurinn sem rannsakaði þá vísbendingu sem verður notuð hér til nánari útskýringa varpaði sjálfur fram þeirri spurningu hvort gögn sem hann hafði aflað sér gætu hreyft við málinu, samanber þau skilyrði sem hér er farið yfir. Fjölmiðlamaðurinn aflaði hluta þeirra gagna með sakbendingu. „Sakbending er úrræði við rannsókn sakamáls sem felst í því að brotþoli eða annar aðili, sem orðið hefur vitni að refsiverðu broti, bendir á þann seka úr hópi manna“ (málið.is, e.d.). Ekki eru til bein lagaákvæði er þetta varðar í íslensku sakamálaréttarfari. Hinsvegar má finna í lögum um meðferð sakamála ákvæði þar sem rætt er um sérstakar aðferðir og aðgerðir við rannsókn sakamáls. „Í reglunum skuli koma fram hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að gripið verði til tiltekinnar aðferðar eða aðgerðar, hverjir séu bærir til að taka ákvörðun um hana og hvernig staðið skuli að framkvæmd hennar“ (Lög um meðferð sakamál nr. 88/2008). Lögreglan vinnur eftir ákveðnum verklagsreglum varðandi þessi úrræði. Þær eru samdar og gefnar út af embætti ríkislögreglustjóra (munnleg heimild, Vignir Ó. Oddgeirsson).

2.3 Hlaðvarp

Eitt þeirra forma sem fjölmiðlar nota í dag til að rifja upp mál er hlaðvarpsformið. Fjölmiðlar nota það til að dreifa þáttum sínum víðar, eða þá að fjölmiðlamenn noti það til að búa til efni. Mál það sem hér er skilgreint sérstaklega var rifjað upp í þessu formi og vegna þeirra þátta sem leitast er við að varpa ljósi í þessari ritgerð er hentugt að skoða hvernig hlaðvarpið byrjaði, fyrst það hefur tekið það mikið stökk og raun ber vitni í heimi fjölmiðlunar og þá sérstaklega því það er notað í málinu sem fjallað er um hér.

Um aldamótin 2000 hittust þeir Dave Winer og Adam Curvy í New York ríki í Bandaríkjunum. Dave hafði þróað hugbúnaðinn RSS og Adam stofnað netþjónustuna On Ramp. Hugmynd Adams fólst í flutningi á stærri skrá en áður hafði verið talið mögulegt (Andy Affleck, 2005).

Hugmyndin sem fyrst var hugsuð til að hala niður myndböndum, snerist um að skoða hraðann á nettengingunni á þeim tíma sem einstaklingur notaði ekki tölvuna sína. Markmið hans var að nota þann tímaramma til að hala niður auknum fjölda gagna. Dave var á sama tíma að þróa viðbót við hugbúnað sinn og fyrr en varði bætti hann við hana hugmynd Adams. Þessi nýja tækni gerði það að verkum að hægt var að búa til hljóðskrár.

Hlaðvarp markaði upphaf nýrrar tegundar ljósvakamiðils. Í sinni einföldustu mynd er hlaðvarp hljóðskrá sem búin er til af einstaklingi fyrir aðra einstaklinga til að ná í og hlusta á, hvar sem er og hvenær sem hann vill. Fyrirbærið varð að hugtaki/heiti og nefnt fyrst í dagblöðum erlendis árið 2004 (Andy Affleck, 2005).

Blaðamaðurinn Ben Hammersley minntist á hugtakið í grein sinni „Audible revolution“ í The Guardian það sama ár. Í henni talaði hann um upphaf hljóðbloggsins eða eins og við þekkjum það, hlaðvarpsins. Hugmyndin um sameiningu raddarinnar, gagnvirkni bloggsíðna og aukna möguleika í gagnaflutningi. Sú hugmyndafræði virtist vera að gera þetta nýja form fjölmiðlunar aðlaðandi fyrir blaðamenn og aðra. Byrjað var að selja hljóðupptökur úr vinsælum amerískum útvarpsþáttum og frelsið sem það veitti gaf neytendum tækifæri til þess að stjórna sinni notkun og varð smátt og smátt sífellt vinsælla (Ben Hammersley, 2004).

Vinsæll bloggari frá Kaliforníuríki að nafni Grant Hanniger byrjaði rétt eins og margir aðrir að taka upp sína eigin útvarpsþætti fyrir bloggsíður sínar. Hann hafði heyrt þess getið að fólk væri að framleiða eitthvað sem hljómaði eins og útvarpsþáttur. Ódýr hljóðnemi, ókeypis hljóðritunarbúnaður ásamt smá æfingu var allt sem þurfti. Þarna leit dagsins ljós ný tegund fjölmiðlunar, annarskonar útvarpsefni sem var deilt meðal fólks. Þarna var hljóðbloggið eða hlaðvarpið fætt (Ben Hammersley, 2004).

Frá upphafinu 2005 til ársins 2013, barðist þetta nýja form miðlunar í bökkum. Það var í mikilli samkeppni við myndefni og ekki síst vefinn YouTube. Hlaðvarpið fór aldrei af sjónarsviðinu og árið 2013 var búíð að framleiða yfir átta milljónir þátta í yfir 250 þúsund mismunandi hlaðvörpum. Viðfangsefnin voru jafn misjöfn og þau voru mörg.

Í júní árið 2015, kom efnisveitan Apple með nýja útgáfu af hugbúnaði sínum iTunes. Hún var fyrsta útgáfa hugbúnaðar sem studdi við hlaðvarpið og gerði því fólki mun auðveldara fyrir að nálgast þau (Ben Hammersley, 2004). Enn stærra skref var stigið þegar efnisveitan Spotify gerði slíkt hið sama. Hún kom á markað árið 2008 og er nú aðgengileg í um sextíu löndum. Fyrst um sinn bauð hún eingöngu upp á tæknilausnir fyrir önnur fyrirtæki en síðar varð hún streymisveita fyrir tónlist og svo hlaðvörp. Hún átti að vera vettvangur til að nálgast efni á auðveldan máta. Viðskiptamódelið var að þú borgaðir til að losna við auglýsingarnar en sættir þig annars við þær (Rasmus Fleischer & Pelle Snickars, 2017).

3 Aðferðarfræði

Til að varpa ljósi á hvernig fjölmiðlar hafa áhrif á rannsókn og meðferð sakamála og til að svara rannsóknarspurningunni sjálfri, hvernig umfjöllun hafði áhrif á þróun Laugarlækjarmorðsins notaðist ég við tilviksrannsókn. Í tilviksrannsóknnum fást rannsakendur meðal annars við að kanna einhverja ákveðna þætti við eitthvað ákveðið dæmi, í stað þess að nota gögn um mörg mál (Zanial Z. , 2017). Ég valdi mér ákveðið mál og kannaði ákveðna þætti í því samhengi. Þeir voru: fréttamat, ólík vinnubrögð, siðareglur blaðamanna, vinnulag blaðamanna, vinnureglur RÚV, nafnbirtingar, myndbirtingar, lýsingar á verknaði, jákvæð áhrif fjölmiðla og neikvæð áhrif fjölmiðla í samhengi við sakmálaumfjöllun, hlaðvarp (vegna þess að umfjöllun um málið var í því formi). Það ákveðna dæmi sem ég valdi mér til að skoða þessa þætti, var mál Gunnars Tryggvasonar, leigubifreiðastjóra sem myrtur var í Reykjavík árið 1968. Fyrst fjallaði ég almennt um málið og síðan þá nýju vísbendingu sem lék lykilhlutverk í rannsókninni, sem og byssan sem notuð var við verknaðinum. Við það notaðist ég við hlaðvarpsþættina Sönn íslensk sakamál um málið, þeir þættir hétu: Sönn íslensk Sakamál: S1 E1 – Aftaka á Laugalæk I, Sönn Íslensk Sakamál: S1 E2 – Aftaka á Laugalæk II, Sönn Íslensk Sakamál: S1 E3 – Játning byssumanns! og Sönn íslensk sakamál: S1 E4 og Sönn íslensk sakamál: S1 E4 – Kviðrista á Hverfisgötu. Ég leitaði einnig að blaðgreinum um málið fyrstu árin inná tímarit.is, en það fann ég í Morgunblaðinu, Alþýðublaðinu og í Tímanum.

Til að svara við spurningum mínum útskýrði ég ekki einungis þættina heldur skoðaði hvernig þeir birtust í dæminu sjálfu, samanber ætlun rannsakanda með tilviksrannsóknnum. Þ.e.a.s. útskýra þættina, útskýra málið og loks að skoða hvernig þættirnar birtust í dæminu. Auk þess þurfti ég að leita annarra heimilda við tenginuna til að svara spurningum mínum. Ég skoðaði þannig lagaákvæði , þau voru: Sök, endurupptökur og sakbendingar. Til að bera saman málið við annað mál til að sjá mun á umfjöllun, fann ég þátt Fréttaukans á RÚV á YouTube. Í umræðukafla ræddi ég stuttlega um annað mál, þar sem fjallað er um barnsmorð í

Reykjavík til samanburðar, studdist rannskandi við greinar í Blaðamanninum, riti Blaðamannafélags Íslands. Þær voru unnar voru upp úr erindum frá málþingi, þar sem umfjöllunarefnið var opinber umfjöllun um sakamál, ásamt dagblaðsgreinum úr DV. Einnig var stuðst við þætti Sigursteins Mátssonar um málið, þættina: Sönn íslensk Sakmál – Harmleikur á Hagamel I og Sönn íslensk Sakmál – Harmleikur á Hagamel II. Út frá þessu var könnuð áhrif þess hvernig umfjöllun um sakamál í íslenskum fjölmiðlum getur haft á rannsókn og meðferð þeirra.

4 Niðurstöður

4.1 Laugarlækjarmorðið

Sakamálið sem hér verður greint fjallar um morð sem framið var með kaldrifjuðum hætti í Reykjavík á sjöunda áratug síðustu aldar. Málið verður rætt frá upphafi þess að þeim tíma sem ný vísbending leit dagsins ljós og fylgt eftir í fjölmiðlum með misjöfnum hætti. Með eftirfarandi umfjöllun er markmiðið að varpa ljósi á hvernig áhrif það getur haft á þróun sakamáls við fjölmiðlaumfjöllun og hvort ólík vinnubrögð spili þar inn í.

Upphafið á rannsókninni er mikilvægt að útskýra svo hægt sé að átta sig á hvernig byssan sem varð Gunnari að bana lék lykillhlutverk í málinu, sama hvort það var í byrjun eða mörgum áratugum síðar, þegar umfjöllun málsins fór af stað á nýjan leik. Ennfremur með því að útskýra málið frá byrjun er fengin skýrari sýn á meðferðina í ljósi umræðu um opinberra sakamálaumfjöllun fjölmiðla.

Umræðan sem á eftir kemur, berum við saman annað mál sem verður um, til að glöggva okkur betur á þeim atriðum sem nú þegar hafa verið rædd, fréttamat, nafn-og myndbirtingar og grunnatriðum í blaðamennsku, svo eitthvað sé nefnt.

Klukkan 7:15 aðfaranótt 18. janúar árið 1968 fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tilkynningu um mannlát í Reykjavík. Feðgar höfðu fundið mann látinn í leigubifreið sinni við horn Laugalækjar og Bugðulækjar. Hann fannst í hvítri Mercedes Benz bifreið með skráningarnúmerinu R 451. Maðurinn Gunnar Tryggvason leigubifreiðarstjóri hjá Hreyfli sat undir stýri. Hann hafði verið skotin í hnakkann með þrjátíu og fimm kalíbera byssu en skothylki fannst í bifreiðinni sem gaf til kynna að sjálfvirk skammbýssa hefði verið notuð við verknaðinn (Morgunblaðið, 20. janúar 1968). „Þá fór ég svona að kíkja betur inn í bílinn að aftanverðu, sem ég hefði kannski ekki átt að gera miðað við hvað kom í ljós síðar. Þá sá ég gat í hnakkanum á honum. Það var ekki um margt að ræða heldur en hann hafi verið skotin í hnakkann“ (Sönn íslensk sakamál, 2020).

Smith & Wesson 35 kalíbera sjálfvirk skammbýssa eða Model 1913, eins og hún er

einnig kölluð var framleidd á árunum 1913 til 1922. Aðeins 8350 byssur af 35 kalíbera útgáfunni voru smíðaðar í heiminum. Þrátt fyrir að byssan væri mjög sjaldgæf voru framleiddar átta útgáfur af henni. Breytingarnar voru meðal annars í formi breyttra merkinga, breytinga á öryggi hennar og magasíni (Scarlata, Paul, 2011).

Lögreglan gerði afdrifarík mistök við vettvangsrannsókn, bæði með því að spilla vettvangnum sem og að ruglingur varð um tímasetningar. Menn urðu tvísaga um hvað hefði staðið á gjaldmæli bílsins þegar Gunnar fannst, svo erfitt reyndist að ákvarða hvenær hinsta ferð leigubílstjórans hófst (Sönn íslensk sakamál, 2020).

Rúmum þremur klukkustundum áður en Gunnar fannst hafði stöð Hreyfils haft samband við hann en óskað var eftir bíl. Kona á stöðinni bað hann um að fara að Skálholtsstíg í Reykjavík. Þetta var á bilinu 3:15 og 3:30 um nóttina. Fjarvistarsönnun þessa tiltekna manns er beðið hafði um bílinn stóðst og því talið að Gunnar hefði verið myrtur einhvern tíma á milli klukkan 4 og 6 um nóttina. Þar sem eingöngu annað veski Gunnars var horfið, sem geymdi afrakstur akstursins, var sagt í blöðunum að með öllum líkindum hefði verið um ránsmorð að ræða (Morgunblaðið, 19. janúar 1968). Lögreglan auglýsti eftir fólki sem gæti haft vísbendingar um glæpinn. Sígarettustubbur fannst í bílnum af gerðinni John Silver, sem var mjög sjaldgæf tegund. Lýst var eftir ákveðnum sígarettusöllumanni á leigubílastöðvum borgarinnar en sú vísbending rann út í sandinn eins og þær fyrri (Tíminn, 21. janúar 1968). Síðar var skýrt að sígarettan hefði verið í bílnum áður en morðið var framið og reykt af manni sem Gunnar keyrði nokkrum dögum fyrr og ekkert hafði með morðið að gera (Sönn íslensk sakamál, 2020). Fjölmiðlaumfjöllun um málið var mikil fyrst eftir morðið. Hún lognaðist síðan út af og athyglin beindist annað. Það var ekki fyrr en í mars árið eftir sem hreyfing komst á málið að nýju og lék þar byssan sem notuð var til að bana Gunnari lykillhlutverk. Byssan, þrjátíu og fimm kalíbera fannst í bíl hjá öðrum leigubifreiðastjóra. Hún fannst undir framsæti bíls sem leigubílstjórinn hafði áður til umráða en misst sökum peningavandræða. Hann var handtekinn, játaði ekki í fyrstu og engin ákæra gefin út. Byssan var send til rannsóknar í Bandaríkjunum ásamt kúlunni sem fannst í leigubifreið Gunnars. Niðurstaða hennar leiddi í ljós að umrædd byssa hefði verið sú sem notuð var til að bana Gunnari. Lögreglan hafði þá þegar vitneskju um það að byssan væri í eigu annars manns og hefði verið stolið frá honum nokkrum árum áður en morðið var framið (Alþýðublaðið, 11. mars 1969).

Umráðamaður bílsins er byssan fannst í var Sveinbjörn Gíslason leigubifreiðarstjóri, sem var síðar ákærður fyrir að hafa myrt Gunnar og stolið byssunni af öðrum manni. Hann

játaði að hafa stolið byssunni en neitaði ávallt að hafa orðið Gunnari að bana. Sveinbjörn sagði að byssunni hefði verið stolið frá honum, eða nánar tiltekið úr hanskahólfinu í bílnum hans, en verið skilað þangað aftur síður. Sveinbjörn var sýknaður bæði í héraði og í hæstarétti og var hann því laus úr haldi eftir að hafa setið í gæsluvarðhaldi í ellefu mánuði, eða allt frá þeim degi að byssan fannst (Tíminn, 12. mars 1971).

4.2 Nýjar vísbendingar í fjölmiðlum

Málið komst aftur í háamæli rúmum fjörutíu árum síðar og aftur árið 2020. Þar lék byssan eina ferðina enn hlutverk sem og maðurinn sem var með hana undir höndum. Var morðingi Gunnars kominn í leitirnar? Fjölmiðlar fjölluðu um málið í bæði skiptin, en með misjafnri nálgun. Áhugavert er að um sömu vísbendingu er að ræða.

4.2.1 Umfjöllun Ríkisútvarpsins 2009

Ríkissjónvarpið rifjaði mál Gunnars Tryggvasonar upp í þáttunum Einu sinni var, rúmum fjörutíu árum eftir morðið. Mál sem þessi eru oftast en ekki rifjuð upp í fjölmiðlum reglulega. Í þetta skiptið steig kona fram með upplýsingar sem ekki höfðu komið fram áður. Hún vildi ekki koma fram undir nafni en síðar kom í ljós að konan væri systir Valgeirs Skagfjörðs leikara og talaði hún um mann sem kom ógnandi inn á heimili þeirra.

Fréttaskýringaþátturinn Fréttaukinn sem var sýndur í Ríkissjónvarpinu á þessum tíma tók málið upp og tók viðtal við konuna. Þar ræddi hún við Elínu Hirst, fyrrum fréttamann um manninn. Hann hafði kynnt sig með nafni, sagðist hafa drepið mann og væri á förum til Ástralíu. Fréttaukinn fylgdi þessari vísbendingu eftir. Kom í ljós að enginn með þessu nafni með íslenskan ríkisborgararétt hafði ferðast þangað á umræddum tíma.

Friðrik Smári Björgvinsson, þáverandi yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sagði í sama þætti að þegar einstaklingar kæmu til þeirra með nýjar upplýsingar væru þær skoðaðar og athugað hvort ætti að fylgja þeim eftir (Nýr vitnisburður, 12. október 2009).

4.2.2 Umfjöllun í Sönnum íslenskum sakamálum 2020

Rúmri hálfri öld eftir morðið á Gunnari Tryggvasyni rifjaði Sigursteinn Másson fjölmiðlamaður upp málið í þætti sínum Sönnum íslenskum sakamálum í nýjum hlaðvarpsþáttum á efnisveitunni Storytel. Hann hafði áður fjallað um málið í samnefndum þáttum í Ríkisútvarpinu. Þar ræddi hann meðal annars við Sveinbjörn Gíslason og konu hans. Í þetta skiptið varpaði Sigursteinn fram nýjum vísbendingum. Þar kom fram í viðtali hans við Valgeir Skagfjörð að maður vopnaður byssu hafi komið heim til hans og systur hans og ógnað þeim. Þetta átti sér stað á milli þess tíma sem Gunnar Tryggvason fannst myrtur og byssan fannst í leigubíl Sveinbjörns (Sönn íslensk sakamál, 2020).

Sögunni viku nú til ársins 1979 þegar framið var hrottalegt morð á Hverfisgötu í Reykjavík. Karlmaður hafði játað á sig morðið, án ástæðu. Hann átti ekkert sökótt við manninn en talið var að hann hafði misst fullkomlega stjórn á sér og rist manninn á kvið í eldhúsi hússins. Sá sem játaði hét Þráinn Kristjánsson. Þar sem systir Valgeirs Skagfjörð hafði áður sagt að maðurinn sem réðst inn til þeirra í ársbyrjun 1969 bæri það nafn, ákvað Sigursteinn Másson að athuga hvort þau systkinin kynnu skil á manninum (Sönn íslensk sakamál, 2020).

4.3 Nánari eftirfylgni – Sakbending!

Þann 17. janúar 2020 hélt Sigursteinn Másson fjölmiðlamaður í samráði við lögregluna óformlega sakbendingu. Af henni var gerð hljóð- og myndbandsupptaka, samkvæmt ströngustu reglum.

Valgeir var fyrstur inn til að skoða myndirnar sem raðað hafði verið upp. Þær voru af sex karlmönnum á svipuðum aldri og þær tölusettar. Sigursteinn bað Valgeir um að skoða þær vel og vandlega og benda á myndina og segja upphátt númerið á henni af þeim manni sem líktist þeim sem réðst inn til þeirra árið 1969.

Systir Valgeirs gerði slíkt hið sama, en var ekki jafn afgerandi í svörum og bróður hennar. Hún benti á mynd númer þrjú og mynd númer sex. Valgeir hafði einnig bent á mynd númer þrjú. Þegar systkinin litu saman yfir myndirnar, komust þau að sameiginlegri niðurstöðu að maðurinn sem var merktur með tölunni þremur væri sá sem hefði komið inn til

þeirra og ógnað þeim með skammbyssu. Sigursteinn bað þau um að segja til hvort byssa sem hann hafði undir höndum væri eins og sú sem hann sýndi við sakbendinguna. Þau höfðu séð byssuna í fjölmiðlum og svöruðu bæði játandi. Þráinn Kristjánsson, sem myrti manninn á Hverfisgötu árið 1979, var sá sem var á mynd númer þrjú.

Líkt og Sigursteinn segir sjálfur frá í fjórða þætti Sannra íslenskra sakamála sem birtur var á Storytel og bar heitið Kviðrista á Hverfisgötu voru komnar sterkar vísbendingar um málið. Byssan sem notuð var til að myrða Gunnar hafði ekki verið notuð til að myrða annan á því tímabili, þannig að það gaf til kynna að það væri vopnið sem hann beindi að systkinunum. Sigursteinn afhenti, samkvæmt lögum lögreglu allar þær upplýsingar sem kæmu að gagni við mögulega endurupptöku málsins og spurði hvort hér væri komið tækifæri til að upplýsa eitt dularfyllsta morðmál Íslandssögunnar (Sönn íslensk sakamál, 2020).

5 Umræða og lokaorð

Árið 2005 hélt Blaðamannafélag Íslands ásamt Lögmannafélagi Íslands og fleirum málþing. Þar var fjallað um opinbera umfjöllun á sakamálum. Framsögur voru fluttar og þeim gerð skil í greinum sem birtust í Blaðamanninum, riti Blaðamannafélagsins. Eina af þeim framsögum flutti Sveinn Helgason, fyrrum fréttamaður RÚV og skrifaði greinina byggða á erindinu (Blaðamaðurinn, 2005). Lesa má úr orðum Sveins að rökin fyrir réttlætningunni á ágengri blaðamennsku væru að fjölmiðlamenn eigi ekki að vera hræddir við að fjalla um þessi tilteknu mál. Þeir lúti þó ákveðnum skyldum ásamt því að vinna eftir mismunandi fréttamati á ólíkum miðlum. Þeir og fréttastofan eða ritstjórnin þurfa að koma með fullnægjandi rök fyrir því af hverju og að hvaða leyti fjallað er um málin. Hver sé tilgangur þeirra, metið út frá mikilvægi þeirra. Mál geta verið frétt næm þó þau séu alvarleg og það á ekki að þagga þau niður. Það skiptir því máli hvernig um þau eru fjallað út frá áður nefndum forsendum (Blaðamaðurinn, 2005).

Það virðist sem svo að ágeng blaðamennska sé ekki talin sem vönduð vinnubrögð, að minnsta kosti þegar umræðan snýst um svokölluð síðdegisblöð erlendis. Þar var umfjöllunarefnið þó ekki morð heldur einkalíf fræga fólksins. Þetta segir Njörður P. Njarðvík í grein frá árinu 1994. Einkenni vandaðrar blaðamennsku að mati Njarðar eru einkum hvernig mál séu tækluð. Þar er sagt að einnig sé horft til siðferðis (Njörður P. Njarðvík, 1994). Ég held að ágeng blaðamennska sé frekar ætlun blaðamanna að fá upplýsingar sem þeir fá ekki aðgang að, frekar en hvernig þeir fjalla um upplýsingarnar sem þeir hafa í hendi. Það er þó ekki allt, því einnig skiptir máli hvernig farið er með þær tilteknu upplýsingar. Eins og sagt var frá, þá þarf að veða og meta hvaða upplýsingar gagnast best útkomu málanna, þannig getur fjölmiðlar haft sín áhrif á jákvæðan hátt. Þegar upplýsingar eru birtar sem gagnast þeim ekki og getur dregið úr framgangi rannsóknarinnar eða hún beðið hnekki vegna hennar, t.d. þegar röng mynd fer út.

Sveinn tók fyrir mál til nánari útskýringa, en í þeirri umfjöllun jafnt sem umfjöllunarefni þessa verkefnis, morðsins á Laugalæk má spyrja sig ýmissa gagnrýnna spurninga. Málið sem Sveinn tók fyrir er málið sem er kennt við harmleikinn á Hagamel árið

2004, rúmu ári fyrir málfingið. Þar varð móðir barnungri dóttur sinni að bana og stakk jafnframt son sinn. Móðirin var haldin alvarlegum geðsjúkdómi, dæmd ósakhæf og vistuð á réttargeðdeild.

Það sem gagnrýnt var í umfjöllun Sveins um mál móðurinnar þar sem umfjöllun DV var skoðuð, voru þættir sem hafa þarf hugfasta við umfjöllun. Þeir eiga líka við um mál Gunnars leigubílstjóra, en auk annarra þátta eru þrjú þeirra sem rétt er að skoða frekar. Þeir eru:

1. Nafnbirtingar
2. Myndbirtingar
3. Lýsingar á verknaðinum

Eins og áður sagði er talað um ábyrgð fjölmiðlamannsins sjálfs við þessi atriði. Í áðurnefndri grein vöknudu einnig upp nokkrar spurningar, líkt og hvað á að ganga langt við umfjöllun? Auðvelt er að bera það saman við þessi þrjú atriði.

Í grein Sveins var rætt um umfjöllun af máls móðurinnar sem varð barnungri dóttur sinni að bana. Formaður Geðhjálpur á þessum tíma gagnrýndi umfjöllun DV harðlega. Hann lýsti furðu sinni á þeirri staðreynd að geðsjúkur einstaklingur væri gerður að sakamanni við umfjöllun fjölmiðla um málið. Einnig var vitnað í orð Hreins Skagfjörðs Hákonarsonar fangaprests um ágengni fjölmiðla við nafn- og myndbirtingar.

Ríkisútvarpið virðist til að mynda ekki tala með sama hætti um gerendur eða aðstandendur brotamanna sjálfra, (miðað við t.d. DV og fjölmiðlamenn sem halda utan um sína eigin miðla). Móðrin og börnin hennar voru t.d. fyrst um sinn ekki nefnd í umfjöllun RÚV, (samanber ótímabæra umfjöllun fjölmiðla og umfram skyldur RÚV). Heyra má í frétt RÚV sem heyrir í umfjöllun um málið í Sönnum íslenskum sakamálum að þar var einungis talað um móður og börnin hennar. Ekki er vitað á hvaða tímapunkti nöfn og myndir voru birtar en nöfn -og myndbirtingar sem og lýsingar á verknaðinum auk sögu fórnarlambins birtist í DV. Umfjöllun um málið í Sönnum íslenskum sakamálum kom fimmtán árum síðar, en þá hafði aðstandandi brotamannsins verið einnig í viðtölum annarsstaðar (Sönn íslensk sakamál, 2020). Varðandi mál Gunnars var nafn hans og mynd af honum birt í Morgunblaðinu daginn eftir morðið. Viðtal blaðsins við læknanemann sem kom að Gunnari lýsti aðstæðum á vettvangi ítarlega og var skýrt frá því í blaðinu. Birt var mynd af læknanemanum í greininni auk nafns hans í myndatexta. Mynd af leigubifreið Gunnars er einnig á síðunni, þar sem bílnúmeið sést. Í myndatextanum er sagt með afgerandi hætti um hvaða bíl sé að ræða. Þarna eru þeir þrjú þættir, nafn- og myndbirtingar og lýsingar á verknaði

strax komið fram í umfjöllun fjölmiðla (Morgunblaðið 19. janúar 1968). Baksíða Morgunblaðsins daginn eftir morðið var því nokkuð áhugaverð þegar horft er til þáttanna þriggja. Ennfremur voru lýsingar á verknaðinum til umræðu við upprifjun Sigursteins í þáttunum *Sönn íslensk sakamál* (*Sönn íslensk sakmál*, 2020). Nafn þess manns sem var grunaður og mál hans tekið fyrir var birt í blöðum sem og bíllinn sem hann ók, auk bílnúmer bílsins (*Tíminn* 12. mars 1971). Var umfjöllun um Laugarlækjarmorðið ágeng? Hverju skilaði það? Í samhengi við vangaveltur rannsakanda um ágengni í blaðmennsku og því sem hefur verið talað má færa rök fyrir því að Morgunblaðið hafi getað sleppt ýmsu. Mynd af bílnum þurfti ekki að vera fyrir rannsóknina, eða hvað? Morgunblaðinu var mikið í mun að láta fólk hjálpa lögreglunni að ná morðingjanum til að allir væru öryggir. Var þá ekki nauðsynlegt að birta mynd af bílnum og númerinu? Það bar ekki árangur, svo það er hægt að segja eftir á að mynd af bílnum hafi verið óþörf. En myndin af Gunnari sjálfum? Ef að ætlun blaðsins var að góma morðingjann þurfti lesendur að vita um hvaða leigubílstjóra var um að ræða? Það má segja að það sé ekki hlutverk blaðamanna heldur lögregluna og þannig hefði verið óþarft að birta mynd fyrr en síðar. Lýsing á verknaðinum er óþörf að öllu leyti með þessum rökum, að öllu leyti, einfaldlega vegna þess að almenningur hefur lítið uppúr því að fá lýsingu á hvernig morð var framið ef ætlunin er að finna ákveðinn mann, er það? Aftur á móti má færa rök fyrir því að það átti að segja að byssa hefði verið notuð við verknaðinn ef henni hafði verið t.d. hent í næsta runna. Má svo tala um allt eftir 50. ár? Upprifjun á svona málum er hægt að gera með ýmsum hætti. Ef til vill hrindir það málinu aftur af stað. Þetta sýndi sig hjá RÚV, þegar manneskja kom fram eftir að hafa séð umfjöllun. (Nýr vitnisburður, 2009). Það má segja að þarna birtist ákveðið aðhald. Í tilfelli Sigursteins þegar hann, vegna þeirrar aðstöðu sem hann er í, tók málið lengra getur vinna hans birst sem aðhald við löggæslu og dómstóla. Honum ber skylda til að koma fram með þær upplýsingar sem hann fær, og hann fær aðstoð lögreglunnar til að framkvæma sakbendingu. Hann getur ekki gert það eins síns liðs. Það má svo deila um það hvort niðurstaða þess sé góð eða slæm.

Varðandi Hagamelsmálið má líta á seinni atriðið sem ég nefndi um ágengina, þ.e. hvernig þú ferð með upplýsingarnar. Hvað er það sem skilar jákvæðum árangri? Þar má nefna umfjöllun DV, t.d. lýsingar á verknaðinum sjálfum, myndir frá vettvangi t.a.m. mynd sem sýndi blómvendi fyrir utan heimili fjölskyldunnar við Hagamel (*Dagblaðið Vísir*, 2005) og þegar mynd af þeirri látnu var birt í blaðinu (*Dagblaðið Vísir*, 2004). Annað sem hægt er að nefna sem tengist ekki lýsingunni á verknaðinum beint heldur um atburðarrásina sjálfa, en í blaðinu var lýst þegar nágranninn sá mæðginin kvöldið fyrir voðaverkið, tímasetningar og

hvað hann sá var lýst mjög ítarlega (Dagblaðið Vísir, 2004). Samkvæmt þessu er ágengnin, eins og Sveinn lýsti fólgin í því að blaðamenn birti allt sem þeir fá í hendurnar. Hvað það varðar skal velta fyrir sér hvort það hafði skilað jákvæðum árangri við lausn málsins og blaðið þannig veitt aðhald í málnu eða kann sú umföllun sem hér er um að ræða að athyglin beinist að vinnu blaðamannanna fremur en að málinu sjálfu. Það telst óneitanlega sem neikvæð áhrif á framvindu málsins. Þrátt fyrir það er ekki þar með sagt að eigi að horfa frá málinu að blaðamönnum. Viðtöl fjölmiðlamanna við þolendur, jafn sem gerendur er tekin eftir umhugsun og rök verða að vera til staðar fyrir því. Rannsakandi telur að ástæða þess og hvernig horfið sé til þeirra vinnubragða sé annaðhvort að reyna að koma málinu af stað að nýju, eða gagnrýna þá meðferð sem málið fékk. Þarna er fjölmiðill með vinnu sinni að veita hvoru tveggja aðhald og ef til vill er fundið eitthvað út í leiðinni, ekki er það þó alltaf raunin.

Áhrif fjölmiðla eru margskonar vegna vinnslu fréttu af sakamálu. Hvað varðar Laugarlækjarmorðið sem fjallað er um í þessari ritgerð sjáum við greinilegan mun á því þegar málið var fyrst til umræðu og svo þegar það kom aftur upp á sjónarsviðið.

Blaðamenn dagblaða þurfa að vinna hratt. Það er einfaldlega inngróið í starfið enda þarf að koma blaði í prent á hverjum degi. Það á ekki síst við þegar stór mál eru í brennidepli og ekki síst þegar alvarlegir glæpir eru framdir. Brynhildur Ólafsdóttir vann fyrst allra blaðamannaverðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku. Í viðtali við hana í Blaðamanninum sagði hún að með þesskonar blaðamennsku sé í rauninni verið að tala um sömu hlutina, gömlu fréttirnar á annan hátt í samhengi við það sem hefur gerst frá þeim tíma liðnum sem atburðurinn varð (Blaðamaðurinn, 2005). Blaðamaður fær, þegar hann stundar rannsóknarblaðamennsku, meiri tíma til að kafa ofan í málið og notar við það upplýsingar úr öllum áttum, sem sumar hverjar hafa verið birtar áður. Gömlu fréttirnar. Upplýsingar sem varða gömul mál, eins og mál Gunnars leigubílstjóra. Slík upprifjun hefði ekki verið möguleg nema fyrir þær upplýsingar sem þegar lágu fyrir.

Svo er það sem er nýtt. Hvað vantaði? Með upprifjun á því sem komið hefur fram, koma ef til vill fram nýjar upplýsingar. Sú var raunin í tilfalli Laugarlækjarmorðsins. Dagblöð þess tíma söfnuðu saman miklu af upplýsingum og voru ef til vill ekki í stakk búin að vinna úr þeim öllum á þeim tíma sem atburðirnir urðu. Blaðamenn oft aðkrepptir með tíma og alltaf eitthvað nýtt að koma fram.

Getum við sagt að um ákveðna framvindu hafi verið um að ræða? Með því að upplýsa almenning um hvað gerst hefur, er þá verið að vinna að lausn málsins á sama tíma þó við sjáum það ekki? Upplýsingar hafa alltaf eitthvert notagildi. Ágengnin sem lýst er hér að

framan er um hvernig þú ferð með upplýsingarnar sem þú hefur aflað þér og hvernig þú aflaðir þeirra. Með góðri og vandaðri blaðamennsku, skynsemi og útsjónarsemi getur fjölmiðlamaðurinn hjálpað lögreglu við lausn mála. Þeir þurfa að átta sig á hvernig þeir ætla að fara með þær upplýsingar sem aðrir blaðamenn komu fram með á sínum tíma, en einnig þær nýju upplýsingar sem þeir hafa undir höndum nú og síðast en ekki síst hvernig ætlunin er að fylgja þeim eftir. Fjölmiðlar taka því upp þráðinn og halda áfram. Með nýjum tólum og tækjum í nútímablaðamennsku er hægt að gera það öðruvísi en áður.

Áhugi almennings á sakamála gerir það að verkum að málin fá athygli og samkvæmt lögum í landinu þarf fjölmiðlamaðurinn að afhenta þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér. Í tilfalli Laugarlækjarmorðsins aðstoðaði lögregla við vinnu blaðamannsins sem fékk síðan upplýsingarnar sem urðu til.

Í byrjun ritgerðarinnar var sagt frá aðhaldi milli fjölmiðla, lögreglu og dómssvalds. Ef að rétt er haldið á spilunum með vönduðum vinnubrögðum, byrjar aðhaldið strax á því augnabliki þegar blaðið birtir sína fyrstu frétt. Í millitíðinni getur það skolast til ef t.d. nafn- og myndbirtingar verða til þess valdandi að málið býður hnekki. Samvinnan sem hér um ræðir gat því hæglega gert það að verkum að sannleikurinn myndi koma fram í einu dularfyllsta morðmáli Íslandssögunnar og svarað spurningunni um hver varð Gunnari að bana þessa örlagaríku nótt

Heimildir

Arndís Anna K. Gunnarsdóttir. (2016, 21.júní). Hvað eru sakamál? Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6028>

Ákærvaldið gegn Sveinbirni Gíslasyni. (1971, 12. Mars). *Tíminn*, bls. 3.

Birgir Guðmundsson, (nóvember, 2005). Rannsóknarblaðamennskan ekki stunduð að neinu marki. *Blaðamaðurinn, Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands*. 27(3), 9-10. Sótt af <https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/2005nov.pdf>

Birgir Guðmundsson (apríl, 2005). Opinber málsmeðferð og hlutverk fjölmiðla. *Blaðamaðurinn, Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands*. 27(2), 21-26. Sótt af <https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/2005april.pdf>

Birgir Guðmundsson (apríl, 2005). Ólíkir fjölmiðlar. Ólík vinnubrögð. *Blaðamaðurinn, Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands*. 27(2), 15-17. Sótt af <https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/2005april.pdf>

Blaðamannafélag Íslands. (e.d). Siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Sótt af <https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/sidareglur-bi>

Brosti til nágrenns um kvöldið. (2004, 2. júní). *Dagblaðið Vísir – DV*, bls. 8

Enginn heyrði skothvelli í húsinu. (1968, 19. janúar). *Morgunblaðið*, bls.2.

Fletcher R og Snickars P. (2017). Discovering Spotify – A thematic introduction. *Culture Unbound: Journal of Current Cultural Research*,9, 130-145. doi: 10.3384/cu2000.1525.1792130.

Fréttaaukinn. (2019, 12. október). Nýr vitnisburður. Youtube. Sótt af <https://www.youtube.com/watch?v=GLtgZWLciyE>

Leigubílstjóri skotinn til bana í Reykjavík: Líkur á að um ránmorð hafi verið að ræða. (1968, 19 janúar). *Morgunblaðið* bls. 24.

Lög um meðferð sakamála. nr. 88/2008 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008088.html>

Maðurinn handtekinn í gær. (1968, 21. janúar). *Tíminn*, bls.1.

Marder M. (2000). This is watchdog journalism. *Nieman Reports*, 53/54(4/1),78-79 Sótt af <https://www.proquest.com/docview/216749188/abstract/88B52C91D9744133PQ/1>

Morðmálið: Ný viðhorf - Leigubílstjóri handtekinn eftir að byssa fannst í bíl hans. (1969, 11.mars). *Alþýðublaðið*, forsíða.

Podcasting: The people 's radio (2005). Sótt af <https://tidbits.com/2005/02/14/podcasting-the-peoples-radio/>

Scarlata Paul. (2011, 3. janúar). *Smith & Wesson's*. 35 Automatic. Sótt af https://www.shootingtimes.com/editorial/handgun_reviews_smith_wessons_35_automatic_010310/99103

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (e.d.). Íorðabankinn.

Sönn íslensk sakamál S1 E1 – Aftaka á Laugalæk I. Sótt af <https://www.storytel.com/is/is/books/1173951-Soenn-islensk-sakamal-S1E1-Aftaka-a-Laugalaek-I>

Sönn íslensk sakamál S1 E2 – Aftaka á Laugalæk II. Sótt af <https://www.storytel.com/is/is/books/1173957-Soenn-islensk-sakamal-S1E2-Aftaka-a-Laugalaek-II>

Sönn íslensk sakamál S1 E3 – Játning byssumanns. Sótt af <https://www.storytel.com/is/is/books/1173959-Soenn-islensk-sakamal-S1E3-Jatning-byssumanns>

Sönn íslensk sakamál S1 E4 – Kviðrista á Hverfisgötu. Sótt af <https://www.storytel.com/is/is/books/1173961-S%C3%B6nn-%C3%ADslensk-sakam%C3%A1I--S1E4---Kvi%C3%B0rista-%C3%A1-Hverfisg%C3%B6tu>

Sönn íslensk sakamál S4 E1 – Harmleikur á hagamel I. Sótt af

<https://www.storytel.com/is/is/books/2120039-S%C3%B6nn-%C3%ADslensk-sakam%C3%A1I--S4E1---Harmleikur-%C3%A1-hagamel-I>

Sönn íslensk sakamál S4 E2 – Harmleikur á hagamel II. sótt af

<https://www.storytel.com/is/is/books/2120106-S%C3%B6nn-%C3%ADslensk-sakam%C3%A1I--S4E2---Harmleikur-%C3%A1-Hagamel-II2>

Vinnureglur RÚV.(2016) sótt af https://www.ruv.is/sites/default/files/vinnureglur_fretastofu_2016_0.pdf

Why online radio is booming.(2004). Sótt af <http://www.theguardian.com/media/2004/feb/12/broadcasting.digitalmedia>

Þorbjörn Broddason. (2000, 1.ágúst). Hvað er frétt? Sótt af
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=707>

Zanial, Z. (2017, 4.apríl). Case study as a research method. *Journal Kernanusian*. Sótt af
<https://jurnalkemanusiaan.utm.my/index.php/kemanusiaan/article/view/165>

